

Leiðbeiningar til höfunda greina í Skógræktarritinu

Almennt um texta

Efni fyrir ritið skal vera tengt skógum, trjám, ræktun, landgræðslu og umhverfismálum almennt á einhvern hátt. Lagt er upp með að efni sé fróðlegt, áhugavert, skemmtilegt og upplýsandi fyrir bæði leika og lærða.

Vel rökstudd og ígrunduð gagnrýni er velkomin, en forðast skal hnjóðsyrði eða ákúrir í garð annarra. Áskilur ritstjórn sér rétt til að taka út texta sem metinn er ganga of langt í þeim efnum.

Miðað skal við að greinar séu að hámarki 5.000 orð alls, þar með talið eru myndatextar, neðanmálgreinar og heimildalisti.

Sniðmát greina

Hér á eftir fylgja almennar leiðbeiningar um sniðmát greina fyrir Skógræktarritið. Eru þær gerðar til að tryggja betra samræmi milli greina og til hagræðingar við prófarkalestur og umbrot. Endanlegur frágangur sniðmáts er gerður af prófarkalesara hjá Skógræktarfélagi Íslands.

Meðferð beinna tilvitnana í texta

- Færri en ca. 40 orð: Aðgreina frá eigin texta með gæsalöppum.
„Þetta er dæmi um sniðmát fyrir stutta tilvitnun“.
- Lengri en ca. 40 orð: Aðgreina frá eigin texta með sér málgrein og skáletrun. Ekki notaðar gæsalappir.
Þetta er dæmi um sniðmát fyrir lengri tilvitnun.
- Upprunalegur texti skal haldast eins og hann er skrifaður. Þó má breyta fyrsta staf úr hástaf í lágstaf (eða öfugt) til að fella tilvitnun að eigin texta og eins má fella út texta ef það breytir ekki merkingu. Í stað útfellds texta kemur þá þrípunktur. Innskot í beina tilvitnun eru aðgreind með hornklofa.
- Tilvísun fyrir beina tilvitnun í texta er með hástæðu rómversku númeri í lok tilvitnunar (svona^{iv}). Tilvísun kemur sem aftanmálgrein (*endnote*). Númer eru hlaupandi (1. tilvísun í texta númer i, næsta númer ii, þriðja númer iii, o.s.frv.).
 - Sama gildir um athugasemdir í texta, þ.e. ekki eru notaðar neðanmálgreinar heldur eingöngu aftanmálgreinar.
 - Þar sem bæði eru athugasemdir og tilvísanir fyrir beina tilvitnun í texta eru þær númeraðar saman, þ.e. ekki eru sér númer fyrir beina tilvitnun og sér fyrir athugasemdir.
- Uppsetning tilvísana í heimildir:
 - Höfundur (eða ígildi), ártal, blaðsíðutal.
 - Fyrir tvo höfunda eru þeir báðir tilgreindir, ef höfundar eru þrír/fleiri er fyrsti tilgreindur og svo „o.fl.“
- Fyrir heimildir án blaðsíðutala (t.d. af vef), skal eftir því sem hægt er vísa sem næst til upprunalega textans – kaflaheitis, númeraðrar greinar o.s.frv., eftir því sem við á.

Heimildir

- Heimildum er raðað upp í **stafrófsröð** í heimildalista og þær númeraðar eftir því (1,2,3,4,...).
- Tilvísun í heimild í texta er með hástæðu númeri í lok texta (svona¹). Númer samsvarar númeri í heimildalista.
- Ef ekki er vísað beint til heimilda í texta er númerum sleppt í heimildalista.

Uppsetning heimilda:

Efnisatriði eru almennt skilin að með punkti. Efnisatriði sem **þurfa að koma fram** eru:

- Höfundur, ártal, titill, útgefandi, staður og blaðsíðutal.

- Nafn ritstjóra ef um ritstýrða bók/tímarit er að ræða.
- Vefslóð og dagsetning skoðunar, ef um vefsíðu er að ræða. Dæmi: Af vefsíðu 03.03.2011: <http://skog.is/>
- Venjuleg leturgerð er notuð (ekki skáletrun, feitletrun eða undirstrikun).

Myndir og töflur

- **Tafla** hefur línu/dálka, allt annað „myndefni“ er **Mynd** (teikningar, kort, línurit o.s.frv.).
- Ef vísað er til töflu/mynda í texta, eiga töflur/myndir að vera númeraðar og hafa skýringartexta. Dæmi: **Mynd 1. Skýringartexti** og **Tafla 1. Skýringartexti**.
- Myndir sem styðja við grein, án þess að vísað sé beint til þeirra í texta, eiga að hafa skýringartexta.
- Myndir skulu merktar ljósmyndara í lok skýringartexta og á það við einnig ef höfundur greinar hefur tekið þær. Dæmi: *Mynd: Jón Jónsson*

Skil á myndum

- Myndir skulu vera í eins góðri upplausn og hægt er:
 - Helst í fullri upplausn.
 - Helst ekki minni en 1 mb að stærð, algjört **lágmark 500 kb**.
 - Fyrir þá sem eru með þannig myndavélar:
 - Stilla á RAW
 - Stilla á mestu gæði (L/Large)
 - Stilla á Adobe „prófil“.
- Myndum skal skila sér (**ekki** bara inni í Word/textaskjali).
- Ef línu-/súlurit eru gerð í Excel er best að skila inn Excel-skjalinu.
- Myndir/töflur skal **ekki** setja inn í Word-/textaskjal, heldur skila sér. Ef höfundur vill hafa tiltekna mynd á tilteknum stað í grein má setja línu með heiti myndar og skýringartexta þar, skýrt aðgreint frá megintexta.
 - Dæmi: Texti texti texti.
[IMG009.JPG: Skýringartexti.]
Texti texti texti.
- Ef myndir eru ekki númeraðar, skal setja heiti hvorrar myndir við skýringartexta, svo skýrt sé hvaða mynd/tafla eigi við hvaða skýringartexta. Dæmi: *IMG009.JPG: Skýringartexti*.

Ýmis almenn atriði texta

- Skammstafanir notist sparlega, sérstaklega aðrar en þær allra algengustu (t.d., þ.e., a.m.k., o.s.frv.).
- Latínuheiti tegunda eiga að vera skáletruð og innan sviga, t.d. (*Betula pubescens*).
- Yrkisheiti eiga að vera innan einfaldra gæsalappa, t.d. (*Rosa acicularis* „Dornroeschen“).
- Erlend nöfn taka ekki eignarfallsendingu, t.d. er það „til Ryder“, ekki „til Ryders“.
- Orðaútskýringar á erlendum tungumálum, t.d. e. *wood*, eiga að vera skáletraðar.
- Atriði sem gilda í íslensku:
 - Gæsalappir „eru svona“, ekki "svona".
 - Tugabrotaskil eru komma, ekki punktur – einn og hálfur er 1,5, ekki 1.5.